

Til borgarstjóra,
bæjarstjóra og annarra sveitarstjórnarmanna,
stjórnar Strætó bs. og
framkvæmdarstjóra Strætó bs.

Efni: Samþykkt ályktun frá fundi vagnstjóra Strætó bs. þann 29. nóvember 2016.

Á fundi vagnstjóra Strætó bs. sem haldinn var þann 29. nóvember var lögð fram eftirfarandi ályktun og hljóðar hún svo:

Við vagnstjórar Strætó bs. hörmum þá afstöðu borgaryfirvalda að vera sífellt að þrengja að ferðum strætisvagnanna um götur borgarinnar með framkvæmdum sínum. Það er mjög sorglegt að hlusta á borgaryfirvöld tala digurbarkalega í fjölmiðlum um að efla þurfi almenningssamgöngur og greiða forgang þeirra í gatnakerfinu á sama tíma og hindrunum er stöðugt brugðið fyrir eðlilegan akstur strætisvagna.

Má í þessu sambandi nefna að skipulagsyfirvöld borgarinnar hafa markvisst unnið að þrengingum á leiðum strætisvagnanna með framkvæmdum sínum víða um borgina. Nægir þar að nefna hina sorglegu framkvæmd á Grensásvegi og núna síðast þrengingar á Geirsgötu og Lækjartorgi. Þá krefjast vagnstjórar þess að hraðahindranir verði fjarlægðar þar sem kostur er þar sem þær eru heilsuspillandi og bjóða upp á stoðkerfisvandamál hjá vagnstjórum. Auk þess fara hraðahindranir illa með vagnflotann sem er þegar orðinn gamall og slitin og bilanatíðni há. Samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir þá vantar u.þ.b. 20 nýja vagna strax ef vel ætti að vera fyrir daglega starfsemi Strætó. Ennfremur vekur fundurinn athygli á að umferð í höfuðborginni hefur aukist svo um munar á milli ára og því er full þörf á að endurskoða leiðakerfi og tímatöflur í því ljósi. Fundurinn harmar að lokum að borgaryfirvöld klifi á umræðu um léttlestarkerfi og borgarlínu með tilheyrandi tugmilljóna kosnaði í stað þess að hlúa að núverandi strætisvagnakerfi.

Allt þetta gerir það það að verkum að vagnar sem aka t.d. um miðbæinn standast ekki lengur tímaáætlanir og því er erfitt fyrir viðskiptavinum að treysta á þjónustu þeirra. Því hlýtur að vakna sú spurning hvort strætó sé yfir höfuð valkostur?

Fundurinn skorar á stjórn Strætó bs. að hún beiti sér fyrir því að farið verði í að greiða fyrir ferðum strætisvagnanna í gatnakerfi borgarinnar og að forgangur Strætó verði aukinn, að leiðakerfið verði endurskoðað og að vagnaflotinn verði endurnýjaður sem allra fyrst. Markmiðið á að vera að bjóða viðskiptavinum Strætó upp á góða þjónustu þannig að Strætó geti verið raunverulegur valkostur.

Virðingarfyllt,

Vagnstjórar Strætó bs.

Trúnaðarmenn 9. deildar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Strætó bs.